

Tónleikar
í
Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Nina G. Flyer
sellóleikari

og
Anna Guðný Guðmundsdóttir
píanóleikari

Þriðjudaginn 27. ágúst 1996 kl. 20:30

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

Nina Flyer er íslendingum að góðu kunn því hún starfaði um árabil með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hefur einnig verið fyrsti sellóleikari í sinfóníuhljómsveitunum í Bergen og Jerúsalem og er nú fyrsti sellóleikari í Filharmóníuhljómsveit kvenna í Kaliforníu. Nina er mjög eftirsótt í kammertónlist og sem einleikari og hefur komið fram víða í Bandaríkjunum og Evrópu. Nýlega var gefinn út geisladiskur hjá Koch International Classics þar sem Nina leikur meðal annars sellókonsert eftir ísraelska tónskáldið Shulamit Ran ásamt Ensku kammersveitinni. Nina hlaut frábæra dóma gagnrýnenda og var diskurinn tilnefndur til tveggja Grammy-verðlauna.

Anna Guðný Guðmundsdóttir lauk námi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og Guildhall School of Music í London. Frá árinu 1982 hefur hún starfað sem píanóleikari í Reykjavík. Hún hefur komið fram sem einleikari meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur og Íslensku Hljómsveitinni, en með Kammersveitinni frumflutti hún á Íslandi verk Olivier Messiaen "Des canyons aux étoiles" og "Turangalila". Anna kennir við Tónlistarskólann í Reykjavík en starfar einnig sem kammertónlistarmaður og sem meðleikari með söngvurum. Hún hefur komið fram víða í Evrópu og í Japan. Anna nýtur starfslauna listamanna á yfirstandandi ári.

Efnisskrá:

Bohuslav Martinů
(1890 - 1959)

Tilbrigði um þema frá Slóvakíu

Joan Tower
(f. 1938)

Tres Lent (Hommage á Messiaen)

Samuel Barber
(1910 - 1981)

Sónata opus 6

Allegro ma non troppo

Adagio - presto - adagio

Allegro appassionato

Lukas Foss
(f. 1922)

Capriccio